

Fundargerð 292. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps

fimmtudaginn 14. maí 2009, kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíður að stærð.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Egill Sigurgeirsson, Rebekka Eiríksdóttir, Sveinn Ragnarsson, Karl Kristjánsson og Óskar Steingrímsson, fundarritari.

Gústaf Jökull bauð menn velkomna og setti fund.

Dagskrá:

Fundargerðir:

1. Fundargerð hreppsnefndar 16. apríl 2009. Samþykkt.
2. Fundargerð skipulags- bygginga- og hafnarnefndar 11. maí 2009. Samþykkt.

Til afgreiðslu:

1. **0903021** Bréf dags. 11. maí 2009 frá Árna Sigurpálssyni f.h. Hótel Bjarkalundar með tilboði í leigu á grunnskólanum á Reykhólum. Tilboðinu hafnað.
2. **0905004** Bréf dags. 11. maí 2009 frá Aðalsteini Valdimarssyni með beiðni um rannsókn á hugsanlegu jarðsigi af völdum dælingu á heitu vatni úr jörðu á Reykhólum. Búið er að fá jarðfræðing til að gera forkönnun og er beiðð eftir skýrslu hans.
3. **0904033** Bréf dags. 14. apríl 2009 frá Inga B. Jónassyni með ósk um að fá keyptan hlut Reykhólahrepps í jörðinni Þórisstöðum í Þorskafirði, ef um semst. Erindinu hafnað.
4. **0905010** Tölvupóstur dags. 5. maí 2009 frá Heimi Sigurðssyni f.h. Vatnsveitu Flateyjar varðandi styrk til Vatnsveitunnar vegna brunahana. Ákveðið að styrkja verkefnið um 320.000 til brunavarna.
5. **0905011** Tölvupóstur dags. 12. maí 2009 frá Heimi Sigurðssyni f.h. Framfarafélags Flateyjar með ósk um leyfi til að setja upp upplýsingaskilti við Skansmýri í Flatey. Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur sveitarstjóra að ganga frá málinu.
6. **0904028** Bréf dags. 15. apríl 2009 frá Bændasamtökum Íslands með kynningu á skýrslu millipinganefndar búnaðarþings um fjallskil ásamt tilmælum um endurskoðun fjallskilasamþykktar. Erindinu vísað til fjallskilanefndar með ósk um að nefndin hefji vinnu við endurskoðun fjallskilareglugerðar Reykhólahrepps.
7. **0904038** Bréf dags. 28. apríl 2008 frá Matvælastofnun um breytingu á varnarlinum milli sóttvarnarsvæða og ósk um afstöðu sveitarstjórnar Reykhólahrepps til málsins. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við breytingar á varnarlinum milli sóttvarnarsvæða.

Sveitarfélagið afþakkar að eignast Þorskafjarðargirðingu og fer fram á að girðingin verði fjarlægð í sumar.

8. **0905009** Ársreikningur Reykhólahrepps 2008, fyrri umræða. Ársreikningur ræddur og vísað til seinni umræðu.

Til kynningar:

1. **0905012** Stefnumörkun Sambands Ísl. sveitarfélaga fyrir árin 2009 og 2010 með aðgerðaráætlun. Kynnt.
2. **0905003** Tölvupóstur dags. 8. maí 2009 frá UDN með þakklæti fyrir veittan stuðning á árinu 2008. Kynnt.
3. **0905008** Bréf dags. 29. apríl 2009 frá Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands varðandi sáþykktir 69. íþróttaþings ÍSÍ, annars vegar ályktun um stuðning sveitarfélaga við íþróttafélög og hins vegar ályktun um íþróttamannvirki. Kynnt.

Önnur mál:

1. **0905013** Bréf dag. 12.05.09 frá eigendum Læknishúss og Byggðarenda í Flatey með ósk um leyfi til að byggja brunn í Flatey. Erindið samþykkt með fyrirvara um samþykki bygginganefndar, minjavarðar vestfjarða og Breiðafjarðarnefndar. Umráðaréttur brunnsins verði í höndum Reykhólahrepps. Sveitarstjóra falið að gera samning við aðila.
2. **0905017** Bréf dags. 14. maí 2009 frá Ungmennafélaginu Aftureldingu varðandi íþróttavöll og sparkvöll. Sveitarstjórn þakkar erindið. Ákveðið að vinna í málinu í samráði við Ungmennafélagið.
3. **0905018** Tölvupóstur dags. 13.05.09 frá Heimi Sigurðssyni f.h. Framfarafélags Flateyjar varðandi vegabætur í Flatey. Samþykkt að verða við erindi Framfarafélagsins. Framkvæmdir verði fárnagnaðar með fé úr styrkvegasjóði.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 18:15.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Sveinn Ragnarsson (sign)

Karl Kristjánsson (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)